

LANDPÓSTURINN

1. tbl. 6. árg. janúar 1994 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Emil Bóasson

Ráðstefna Félags landfræðinga 1994

Landfræði í breyttum heimi landfræðikennsla

Félag landfræðinga boðar til ráðstefnu um *Landfræði í breyttum heimi*, laugardaginn 26. febrúar 1994. Ráðstefnan verður haldin að Hótel Lind við Rauðarárstíg 18 í Reykjavík og hefst kl 9.15. Gert er ráð fyrir að ráðstefnunni ljúki um kl. 17.00. Ráðstefnugjald verður kr. 1.000 fyrir félagsmenn og námsfólk en kr. 2.000 fyrir aðra.

Á ráðstefnunni verður fjallað um *Landfræði í breyttum heimi* eins og hún kemur fram í landfræðikennslu á Íslandi. Margir fyrirlesarar munu nálgast efnið frá ólíkum sjónarhornum og má þar nefna breytta pólitíska ásýnd í heiminum, vaxandi umhverfisvitund og breytta kennsluhætti. Þá mun góður tími gefast til skoðanaskipta þar sem pallborðsumræður verða í lok ráðstefnunnar. Meðal

fyrirlesara verða: Ari Trausti Guðmundsson, Bernharð Haraldsson, Guðrún Geirsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Karl Jeppesen og Tryggvi Jakbosson.

Árshátíð Félags landfræðinga

Árshátíð Félags landfræðinga hin 3. í röðinni verður haldin að Hótel Lind við Rauðarárstíg 18 í Reykjavík að kvöldi ráðstefnudagsins og hefst kl. 20.00. Íboði verður fordrykkur, þríréttaður matseðill, ýmis skemmtiatriði og diskótek. Verð er kr. 2.500 fyrir félagsmenn og maka þeirra en kr. 3.000 fyrir aðra.

Nánar verður greint frá dagskrá, fyrirlesurum og fyrirkomulagi skráningar í fréttabréfi snemma í febrúar. Félagar eru samt sem áður beðnir að taka 26. febrúar frá og miða við að mæta á ráðstefnuna og árshátíðina.

Leiðrétting

Stjórnin vill biðja alla félagsmenn velvirðingar á því að prentvillupúkinn laumaðist inn á gfróseðilinn sem sendur var út í nóvember s.l. Þar stendur að verið sé að rukka fyrir árgjald 1992/93 en á auðvitað að vera 1993/94. Engin hættu er á að greiðslur ruglist í bókhaldi félagsins þar sem númer gfróseðlanna fyrir þetta ár eru ekki hin sömu og í fyrra.

Viljum við nota þetta tækifæri og hvetja félagsmenn til að greiða árgjaldið sem fyrst. Um leið og frá því er sagt að margumrætt næsta tölublað **Landpóstsins** er væntanlegt fyrir febrúar lok og verður það sent félagsmönnum.

Svæðisþing Alþjóða landfræðisambandsins (IUG):

Eins og greint var frá í síðasta Landabréfi verður Svæðisþing Alþjóða landfræðisambandsins 1994 haldið í Prag í Tékklandi 22.-26. ágúst 1994.

Þeir sem áhuga hafa geta haft samband við Guðrúnu Ólafsdóttur, Háskóla Íslands í síma 91-694484, bréfsími 91-694499 eða í heimasíma 91-26269.

KÍNAFERÐIN

Við viljum minna á hugmyndina um ferð félagsins til KÍNA. Þeir sem hug hafa látið Emil Bóasson heyra frá ykkur. Sími: 91-605420 eða 91678335

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bröttubrekku 1
200 Kópavogi